Bóksala

Jörð í Afríku og Einar Áskell


Jörð í Afríku eftir Karen Blixen er efst á lista mest seldu skáldsagna í aprílmánuði samkvæmt bóksölukönnun Kaupþings og bókaútgefenda, – og helst það í hendur við aðsókn að samnefndri Óskarsverðlaunamynd í Laugarásbíói. Vinsælust barnabóka er **Einar Áskell** eftir Gunillu Bergström.

Auk Afríkujarðarinnar eru á lista yfir skáldsögur **Ísfólkið** eftir Margit Sandemo, **Margsaga Pórarins** Eldjárns, **Refsifangarnir** eftir William Stuart Long og **Stúlkan á bláa hjólinu** eftir Régine Deforges.


Einar Áskell selst best af barna- og unglingabókum, þar á eftir **Depill** eftir Eric Hill, **Ronja ræningjadóttir** Ástríðar Lindgren, **Klukkubók** Vilbergs Júlíussonar og **Blómin á þakinu** eftir Ingibjörgu Sigurðardóttur.

Af öðrum bókum ber **Sálmabókina** hæst kringum fermingarnar, síðan enskar orðabækur Sigurðar Arnar Bogasonar, þá **Samheitaorðabók,** ogloks kemur sjálf **Biblían.**

Kaupþingsmenn vara í tilkynningu um könnunina við því að of mikið mark sé á tekið. Úrtakið nái að vísu yfir um 35-40% af bóksölu í verslunum, en ekki til annarrar bóksölu, farandsölu, bókaklúbba o.s.frv. Pá eru kennslubækur ekki með í könnuninni.



David Robertson



Manuela Wiesler

Tónlist

Manúela með Sinfóníunni


Einleikari á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar annað kvöld er flautuleikarinn Manuela Wiesler, en stjórnandi David Robertson frá Bandaríkjunum.

Manuela er velkominn gestur, löngu þjóðkunn frá dvöl sinni hér fyrir frábæran flautuleik, hlýtt viðmót og góðrar tónlistargáfur.

Hún leikur annað kvöld flautukonsert í d-moll eftir Karl Philipp Emanuel Bach, son Jóhanns Sebastians, sem fæddist 1714. Manuela valdi þetta verk vegna þess, segir hún, að það sé gaman að leika þau verk sem ekki fylgja tónlistarhefð hvers tíma.

Önnur verk á efnisskránni eru Læti eftir Þorkel Sigurbjörnsson, samið 1970, og Sinfónía nr. 5 eftir Prókoffjeff, sem var frumflutt í stríðinu, árið 1944, og kallaði tónskáldið þá sinfóníu „óð um glatt fólk og frjálst, furðulegt þrek þess, hugrekki og andlegan hreinleik".

Stjórnandinn David Robertson er hér í fyrsta sinni. Hann er bráðungur, fæddur 1958 í Kalifornía, lærði meðal annars í London, hljómsveitarstjórn, hornleik og tónsmíðar. Hann er stjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Jerúsalem.



Kjarvalsstaðir eða Kárastaðir

Um sýningu Kára að Kjarvalsstöðum

Það er óneitanlega lærdómsríkt að sjá sýningu Kára Eiríkssonar í vestursal Kjarvalsstaða og bera hana saman við fáein Kjarvalsmálverk sem prýða veggi kaffiteríunnar í sama húsi. Það er ekki svo að skilja að ástæða sé til að bera saman tækni þessara tveggja listamanna, heldur er hitt öllu fróðlegra að gaumgæfa hve ólíka afstöðu Kári og Kjarval hafa til listarinnar.

Munurinn verður e.t.v. best greindur með hjálp Nietzsches, en tilvitnanir í þrjár ritgerða hans, „Mannlegt, alltof mannlegt", „Handan góðs og ills" og „Hina spræku speki", segja raunar allt um þennan mun sem segja þarf. Þar telur heimspekingurinn að viðhald heilbrigðis sé fólgið í því að axla sífellt þyngri byrði. Það að vilja varpa af sér oki lífsins leiðir til sjúkleika. Sjúkleikinn er hluti af höglifiskenningu Epikúrs sem gengur út frá því að maðurinn sé í eðli sínu veiklunda og yfirboðslegur. Því verða menn, einkum listamenn að afneita nautnum og þægindum ef þeir vilja takast á við lífið og unna því eins og það birtist í náttúrunni; sinni fegurstu mynd.

Það er auðséð hve vel þessar kenningar eiga við Kjarval, svo auðséð að furðu sætir að maður skuli ekki hafa rekist á það á prenti. Ekki er nóg með að Kjarval hafni veraldlegum gæðum (s.s. heilu húsi sem byggt var fyrir hann úti á Seltjarnarnesi), heldur er hann í einu og öllu eins og fyrirmynd hins nietzschíska listamanns; maður augnabliksins; tilfinningaþrunginn; fáránlegur; óútreiknanlegur og fimmfaldur í roðinu. Hann var listamaður sem aldrei lét hanka sig í viðjar epikúrsks sjúkleika og sjálfsdekurs. Til þess var ást hans á lífinu of sterk.

Hið sama verður ekki sagt um Kára, sem þó var að einhverju leyti lærisveinn Kjarvals eins og svo fjölmargir landslagsmálarar eftirstríðsáranna. Það er langt síðan Kári varpaði af sér því oki sem Nietzsche taldi að styrkti menn í trúnni á lífið. A.m.k. man ég eftir sýningu á verkum hans frá því á menntaskólaárum mínum




HALLDOR B. RUNÓLFSSON

og þá þegar var tjáningarmáttur hans tekinn að veslast upp. Nú er svo komið að minna líf leynist að baki myndum hans en í draugnum föður Amlóða, því sá gat talað og það með sýnilegum áhrifamætti. Nær væri að líkja andagiftinni í verkum Kára við hauskúpuna af hirðfíflinu, þá sem hinn ungi Danaprins leit raunamæddur um leið og hann sagði: „Vesalings Jórik."

Nú er Kári enginn lítilsigldur amatör, því hann á að baki nám og dvöl í ýmsum heimsborgum listanna. Á sínum tíma var mikið látið af veru hans á helstu menningarsetrum Ítalíu, Flórens og Róm. Nú hafa bæst við Mexíkóborg og New York. Slíkur ferðalangur ætti að geta fært okkur heim list eins og hún gerist framsæknust og best. Þess í stað líta myndir hans út eins og hann hefði aldrei komist út fyrir hreppamörkin. Mér er spurn hvað valdi þessari afdalamennsku; þessum eltingarleik við þjatt og þrjál sem ekki hefur sést í sómakærum sýningasölum síðastliðin þrjátíu ár?

Eins hlýtur sýning Kára að vekja upp spurningar um stefnu Kjarvalsstaða í sýningamálum, því með svona uppákomum yrðist stjórnin vera að víkka út hlutverk þessarar menningarmiðstöðvar Reykvíkinga og gera hana að stærsta amatörsal höfuðborgarsvæðisins. Ef svo er þá liggur beinast við að breyta um nafn á fyrirtækinu og skýra það Kárastaði, svo réttlátir geti rólegir legið í gröf sinni.

HBR



Mál og menning

Þórbergur í „stórbók"

Mál og menning rær enn á ný mið í bókaútgáfu og hefur gefið út „stórbók" með verkum meistara Þórbergs, þar sem fá má gott sýnishorn af ritlist hans og viðfangsefnum með fjórum bókum í einni.

Í Stórbókinni er **Bréf til Láru, Sálmurinn um blómið, Viðfjarðarundrin** og ritgerðasafnið **Einum kennt – öðrum bent,** allt prentað eftir heildarútgáfu forlagsins á verkum Þórbergs, og er stórbókin á venjulegu bókarverði, 1390 krónur.


Hljóti þessi tilraun góðar undirtektir er ætlunin að gefa út verk fleiri höfunda með hliðstæðum hætti.

Fyrirlestur

Lengri ævi nýr lífsstíll

Fyrirlestur **Peters Lasletts** sagnfræðiprófessors frá Cambridge, sem auglýstur var í blaðinu í gær, frestaðist af ófyrirsjánlegum ástæðum til dagsins í dag, **miðvikudags.** Verður hann haldinn kl. 17.15 í stofu 101 í Odda, húsi Félagsvísindadeildar Háskólans.

Peter Laslett fjallar um áhrif breyttarar fólksfjölda- og aldursgerðar á líf manna í iðnvæddum löndum og nefndist **Britain – Iceland, be your age.**



Tónlistarskólinn

Einleikarapróf

Í kvöld heldur Björn Davíð Kristjánsson flaututónleika í Norræna húsinu og leikur verk eftir Bach, Debussy, Briccialdi, Martin og Schubert. Undirleikari er Stephen Yates.

Tónleikarnir eru fyrrihluti einleikaraprófs frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og hefjast klukkan hálf níu.

Veitt úr Þjóðhátíðarsjóði

TF-Ögn, haförninn, glíma, fjósbaðstofa...

Nú er lokið úthlutun úr Þjóðhátíðarsjóði í níunda sinn, og var hálf fimmta miljón til ráðstöfunar.

Helmingur fjársins rennur samkvæmt reglum sjóðsins til náttúruverndar um Friðlýsingarsjóð og til verkefna á vegum Þjóðminjasafns. Náttúruverndarráð hefur ákveðið að verja fé Friðlýsingarsjóðs til snyrtihúss í Ásbyrgi, skiltagerðar og merkinga á friðuðum svæðum, göngustíga í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum og til útgáfu- og fræðslustarfs. Þjóðminjasafn ver sínum hluta til fornleifarannsókna á Stóru-Borg, til kóperinga á gömlum ljósmyndaplötum, til geymsluskápa í textildeild, tækjakaupa í forvörsludeild, til viðgerðar Krísuvíkurkirkju, til fornleifaskráningar og þjóðháttaskráningar.

Um aðra styrki er sótt sérstaklega og voru umsóknir nú 60 og beðið um 12,7 miljónir, en 2,25 eftir. Þessir fengu styrk: Sjóminjasafn Austurlands til viðgerðar á Randúlfshúsi og bryggju á Eskifirði (65 þús.), Íslenska flugsögufélagið til endursmíði á TF-Ögn, einu flugvél smíðaðri hérlendis (90 þús.), Byggðasafnið að Skógum til endurbyggingar fjósbaðstofu og frambæjar frá Heiðarseli á Síðu (65 þús.), Héraðsskjalasafnið á Höfn til söfnunarstarfs (90 þús.), Ljósmyndasafnið til tölvuvæðingar (95 þús.), Árnastofnun til varðveislu þjóðfræðaefnis á geymslubönd (110 þús.), Sjóminjasafn Íslands, Þjóðminjasafni, til söfnunar og viðgerða sjóminja, einkum frá gufuskipatíma (80 þús.), Landmælingar til varðveislu frumeintaka ljósmynda fyrir dönsku herforingjaráðskortin og til eftirtöku af þeim (180 þús.), Þorvaldur Friðriksson til rannsókna á fornum verslunarstað á Dagverðarnesi (95 þús.), Magnús Þorkelsson til úrvinnslu rannsókna á Búðasandi (90 þús.), Skógræktarfélagið til útgáfu handbókar um trjá- og skógrækt (60 þús.), Þjóðsaga til yfirlitsrits um íslenska þjóðmenningu (135 þús.), Fornleifafélagið til útgáfu á rannsóknum í Skálholti '54-4 (130 þús.), Menningarsjóður til Íslenskra sjávarhátta (100 þús.), Þróttasambandið til bókar um sögu glímunnar (100 þús.), Guðmundur P. Ólafsson til ritsafns um náttúru Íslands (190 þús.), Náttúruverndarsamtök Austurlands til rannsóknar á lífríki Hjaltastaðaþinghár (85 þús.), Fuglaverndunarfélagið til verndunar hafarnarstofnsins (30 þús.), Náttúruverndarráð til framkvæmda í þjóðgörðum (200 þús.), Landvernd til kennslutækjakaupa fyrir Alviðru (135 þús.), Orðabók Háskólans til tölvuskráningar uppsláttarorða í seðlasafni (125 þús.).

Í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs sitja Magnús Torfi Ólafsson, formaður, Jóhannes Nordal, Björn Bjarnason, Eysteinn Jónsson og Gils Guðmundsson.



„Hrærðir og spenntir"

Stuðmenn í Kína

Stuðmenn, dekurbörn og stolt íslensku þjóðarinnar, eru nú í Kína og léku fyrst fyrir heimamenn á sunnudaginn undir nafninu Strax. Hér stigu þeir upp í vöruflutningavél til Lúxembúrgar með hafurtask sitt, þaðan til Formósu hvaðan leiðin lá með lest til Kanton þar sem fyrstu hljómleikar þeirra voru. Í Egil Ólafsson náðist daginn fyrir brottför:

„Ætli líðan manna á þessari stundu sé ekki eins og í fegurðarsamkeppni – ég er bæði hrærður og spenntur. Þetta er nokkuð stíft prógramm. Við spilum á sjö stöðum, alls níu sinnum. En við erum í ágætri æfingu og teljum okkur enn á léttasta skeiði. Maður veit svosem ekki í hvernig jarðveg músík okkar fellur. Við reynum bara að halda andlitinu og láta gott af okkur leiða.

– Voruð þið ekki að taka upp einhver lög í London um daginn...var það í sambandi við Kínatúrinn?

– Já og nei, en ef þeir hafa áhuga í Kína í kjölfar veru okkar þar að gefa eitthvað út með okkur, þá erum við ekki á móti því. Hins vegar höfum við hugsað okkur að gera myndband í Kína við það sem við tókum upp í London og lögin komast vonandi einhverntímann á plast. Þeir í Kína gefa hins vegar meira af músík út á kassettum en hljómplötum.

– Á hvaða stöðum spilið þið?

– Já, það er kannski rétt að telja það upp – ágætt fyrir aðdáendur okkar hér að vita það. Þeir birtast sumir hverjir á ótrúlegustu stöðum – hafa lagt á sig að þeysa landshornanna á milli til að hlýða á okkur, birst á Austfjörðum og víðar... Við byrjum í Kanton, verðum svo í Shanghæ 14. með tvenna hljómleika, á í Hangzhaw 17., Nansjing 20., Jinan 23., Tanjin 25., og loks í Peking 28 og 29. maí. Við skoðum Kínamúrinn þann 27. Við komum svo heim 5. júní, nema við skreppum í stutt frí í Evrópu eftir þessa miklu reisu.

Kjarvalsstaðir

Til heiðurs Kanada

Í tilefni alþjóðlegs kanadísks tónlistarárs halda Myrkir músíkdagar tónleikar að Kjarvalsstöðum í kvöld og leika þar bandarískí klarinettuleikarinn Robert Riseling og vesturíslenski píanóleikarinn Pauline Martin.


Á efnisskránni er kanadísk tónlist eftir Clermont Pepin, Jacques Hétu, Arsenio Jirón og Gary Kuleska, og að auki verk eftir júgóslavann Aleksandar Obradovic, rússann Prókoffjeff og íslendingana Jón Nordal og Karólínu Eiríksdóttur.

Þau Riseling og Martin eru nú að ljúka tónleikaferðalagi um Evrópu á vegum kanadískra menningarmiðstöðva. Tónleikarnir í kvöld á Kjarvalsstöðum hefjast kl. 20.30.

Ljósmyndasýning á Kjarvalsstöðum

Þrennskonar trú í Jerúsalem

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir lítil sýning á ljósmyndum eftir svissnesskan mann, Leonardo Bezzola og fjallar hún um



ÁRNI BERGMANN

Jerúsalem. Jerúsalem sem þá borg sem er heilög gyðingum, kristnum og múslímum.

Þetta eru ágætlega gerðar myndir en hafa líklega fremur gildi sem heimild en listrænar æfingar. Sýningin er þrískipt, einn hlutinn fjallar um áletranir og gripi sem tengjast gyðingadómi, annar um myndir og gripi af kristinni rót og í þriðja lagi er sýnt ýmislegt það sem vinir Múhameðs hafa eftir sig skilið á sinni pílagrímsgöngu. Þær bestu þessara mynda eru kannski af einhverju því sem ekki er mjög áberandi – hér er ekki verið að mynda stórar kirkjur eða moskur – athyglinni er beint að ýmsu smálegu, sem eflir grun með þeim sem aldrei hefur til Jerúsalem komið að þar sé hver steinn í vegg mettaður af sögu.

Það er félagið Ísland-Ísrael sem hefur fengið þessa sérstæðu sýningu hingað.

–ÁB



Í hliðbogum margra húsa má víða finna áletrun úr bæn útlaganna: „Ef ég gleymi þér Jerúsalem, megi hægri hönd mín visna..."